

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt,
með síðari breytingum (undanþágur, endurgreiðslur o.fl.).

Frá Lilju Mósesdóttur og Birki Jóni Jónssyni.

- Við 10. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 14. gr. skal virðisaukaskattur af sölu á margnota bleium og bleiufóðri sem falla undir tollskrárnúmer 9619.0091 vera 7% til 1. júlí 2017.
- Við bætist ný grein, svohljóðandi:
Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á 96. kafla tollskrár í viðauka I við tollalög, nr. 88/2005: Tollskrárnúmerið 9619.0090 skiptist upp og orðast svo:

	A	E
	%	%
– Annars:		
9619.0091 – – Barnableiur og laust bleiufóður úr öðru en pappír eða vatti, margnota	15	0
9619.0099 – – Annað	15	0